

REGLUGERÐ

um umsóknir og skráningu vörumerkja, félagamerkja og ábyrgðar- og gæðamerkja.

I. KAFLI

Gildissvið og skýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda um umsóknir um vörumerki, félagamerki og ábyrgðar- og gæðamerki sem skráð eru hér á landi á grundvelli laga nr. 45/1997 um vörumerki, með síðari breytingum (vml.).

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari merkir:

- Afmáð:** þegar skráning merkis hefur verið felld niður að beiðni eiganda, skráningin hefur ekki verið endurnýjuð eða hún felld niður í kjölfar andmæla-, ógildingar- eða niðurfellingarmáls.
- Afturkallað:** þegar umsækjandi hefur dregið umsókn til baka.
- Alþjóðahugverkastofnunin:** World Intellectual Property Organisation (WIPO), sérhæfð stofnun Sameinuðu þjóðanna með það hlutverk að stuðla að verndun hugverka um allan heim.
- Alþjóðleg skráning:** skráning merkis hjá Alþjóðahugverkastofnuninni sem byggir á landsbundinni grunnumsókn eða -skráningu í samræmi við bókunina við Madridsamninginn.
- Bókunin við Madridsamninginn:** Madrid Protocol (MP), viðauki við Madridsamninginn, er í umsjón Alþjóðahugverkastofnunarinnar og lýtur að samræmdu skráningarkerfi.
- Forgangsréttarskjal:** vottorð frá því skráningaryfirvaldi sem tók á móti þeirri umsókn sem umsækjandi byggir forgangsrétt sinn á, ásamt afriti af umsókninni, staðfestu af viðkomandi yfirvaldi.
- Forgangsréttur:** sex mánaða tímabil frá innlögn grunnumsóknar í aðildarríki Parísarsamningsins eða ríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), sem umsækjandi getur nýtt til að tengja saman umsóknir um skráningu merkis í fleiri ríkjum með þeim hætti að merkið fær sama umsóknardag og þar með forgang fram yfir síðari umsóknir.
- Framsal að hluta:** þegar eigendaskipti verða að umsókn eða skráningu með þeim hætti að umsókn eða skráning er skipt í tvennt. Upplýsingar og gögn haldast óbreytt fyrir hvora um sig en sú umsókn eða skráning sem framseld er fær nýtt númer og nýjan eiganda.
- Grunnumsókn eða -skráning:** umsókn eða skráning sem skapað getur forgangsrétt í öðrum ríkjum Parísarsamningsins eða aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
- Hafnað:** þegar umsókn um skráningu merkis hefur verið endanlega synjað.
- Hlutun:** þegar umsókn eða skráningu er skipt upp og til verður ný, sjálfstæð umsókn eða skráning sem heldur sama umsóknar-, skráningar- og forgangsréttardegi en fær nýtt númer.
- Landsbundin umsókn:** umsókn sem lögð er inn í tilteknu ríki, hér: hjá Hugverkastofnunni.
- Landsbundin skráning:** merki sem skráð er í tilteknu ríki, hér: hjá Hugverkastofnunni.
- Merki:** þau tilvik þegar tiltekin ákvæði reglugerðar þessarar gilda um allar tegundir merkja, þ.e. vörumerki, félagamerki og ábyrgðar- og gæðamerki.
- Notkunarskylda:** Upphaf 5 ára notkunarskyldu samkvæmt 25. gr. vml. miðast við skráningardag í samræmi við 11. tl.
- Síðari tilnefning:** þegar nýju ríki er bætt við alþjóðlega skráningu með síðari umsókn.
- Skráningardagur:** fyrir þau merki sem sótt var um eða þau skráð fyrir 1. september 2020, er skráningardagur hinn eiginlegi skráningardagur hér á landi en fyrir merki sem sótt var um eða þau skráð eftir 1. september 2020, er skráningardagur sá dagur sem skráningarferli merkis lýkur endanlega, hvort sem um er að ræða landsbundna umsókn eða alþjóðlega skráningu, þ.e.:
 - a. að tveimur mánuðum liðnum frá birtingu ákvörðunar Hugverkastofnunar um skráningu merkis ef skráningu er ekki andmælt,
 - b. dagsetning úrskurðar í andmælamáli,

- c. dagsetning úrskurðar í áfrýjunarmáli eða
- d. dagsetning dóms.

3. gr.

Innlögn umsókna.

Umsókn um skráningu merkis, sem óskað er eftir að gildi hér á landi, skal leggja inn hjá Hugverkastofunni, sbr. II. kafla.

Umsókn um alþjóðlega skráningu merkis skal leggja inn hjá Hugverkastofunni á þar til gerðu eyðublaði Alþjóðahugverkastofnunarinnar, sbr. V. kafla.

Beiðni um tilnefningu Íslands sem hluta af alþjóðlegri skráningu skal leggja inn hjá Alþjóðahugverkastofnuninni, sbr. IV. kafla.

II. KAFLI

Umsóknir á Íslandi.

4. gr.

Tungumál umsóknar.

Umsókn um skráningu merkis skal vera á íslensku.

Þrátt fyrir 1. mgr. má tilgreining vöru og/eða þjónustu í umsókn vera á ensku en Hugverkastofan getur ávallt krafist þýðingar á tilgreiningu vöru og/eða þjónustu.

Hugverkastofan getur enn fremur ávallt krafist löggiltrar þýðingar á fylgiskjöllum sem ekki eru á íslensku.

Krefjist Hugverkastofan þýðingar samkvæmt 2. eða 3. mgr. er umsækjanda veittur stuttur frestur til að leggja hana fram. Berist þýðing ekki innan tilskilins frests er umsóknin felld úr gildi.

5. gr.

Kröfur til umsókna.

Heimilt er að leggja inn umsókn um skráningu merkis rafrænt eða á þar til gerðu eyðublaði sem Hugverkastofan lætur í té.

Í umsókn skal tilgreina:

1. upplýsingar um hvort sótt er um skráningu á vörumerki, félagamerki eða ábyrgðar- og gæðamerki;
2. merkið sem óskast skráð í samræmi við ákvæði 2. gr. vml.;
3. tegund þess merkis sem sótt er um, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar;
4. nafn eða heiti umsækjanda, heimilisfang og kennitölu ef umsækjandi er íslenskur, sem og netfang og símanúmer hafi umsækjandi ekki umboðsmann. Ef umsækjendur eru fleiri en einn skal tilgreina í umsókn hver skuli koma fram fyrir hönd þeirra. Ef ekki er tiltekið hver skuli koma fram fyrir hönd umsækjenda er gert ráð fyrir að það sé fyrsti aðili á listanum;
5. nafn, heimilisfang, kennitölu, netfang og símanúmer umboðsmanns sé umsækjandi ekki búsettur hér á landi og ef íslenskur umsækjandi hefur falið umboðsmanni að annast umsókn og skráningu fyrir sína hönd;
6. þá vöru og/eða þjónustu sem óskað er skráningar fyrir, ásamt númeri vöru- og/eða þjónustuflokks, í samræmi við ákvæði Nice-samningsins frá 1957 um alþjóðlega flokkaskrá vörumerkja, með síðari breytingum og auglýsingu um slíka skrá;
7. upplýsingar um forgangsrétt sem umsóknin byggir á ef við á;
8. alþjóðlegt skráningarnúmer og alþjóðlegan skráningardag sem og upplýsingar um forgangsrétt ef við á ef óskað er eftir gildistöku á grundvelli 57. gr. vml.;
9. upplýsingar um skráningu í heimalandi ef ekki er um að ræða gagnkvæma réttarvernd, sbr. 12. gr. reglugerðar þessarar.
10. upplýsingar um skráningu í heimalandi ef skráning hér á landi er háð annarri skráningu í samræmi við 1. mgr. 34. gr. laganna (e. *telle quelle*). Hugverkastofan getur krafist staðfests vottorðs um skráningu í heimalandi.

Umsókn skal undirrituð eða auðkennd með rafrænum hætti af umsækjanda eða umboðsmanni fyrir hans hönd.

Fylgigögn með umsókn:

1. Ef útfærsla merkis og verndarumfang þess kallar á sérstakar skýringar er heimilt að láta lýsingu fylgja umsókn. Lýsingu skal ávallt leggja fram ef um er að ræða aðra tegund merkis en skilgreind er í 2. mgr. 7. gr.
2. Umsókn um skráningu félagamerkis eða ábyrgðar- og gæðamerkis skulu fylgja reglur um notkun merkisins í samræmi við 3. mgr. 12. gr. vml.
3. Sönnun á skráningu í heimalandi ef ekki er um að ræða gagnkvæma réttarvernd, sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar.

6. gr.

Umsóknargjald.

Með umsókn um skráningu merkis skal fylgja tilskilið gjald í samræmi við gildandi gjaldskrá, sbr. 65. gr. a. vml. Hafi gjald ekki verið greitt innan tilskilins greiðslufrests er umsóknin ekki tekin til meðferðar og telst hún þá fallin niður.

7. gr.

Framsetning merkis.

Merki skal vera unnt að tilgreina í vörumerkjaskrá á þann hátt að stjórnvöld og almenningur geti gert sér grein fyrir skýru og nákvæmu inntaki þeirrar verndar sem eiganda er veitt með skráningu. Framsetning skal enn fremur vera skýr, nákvæm, heildstæð, aðgengileg, skiljanleg, endingargóð og hlutlaus.

Varði umsókn eftirfarandi tegundir merkja skal tilgreina það í umsókn og skal umsóknin þá uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. **Orðmerki** samanstendur eingöngu af orðum, bókstöfum, tölustöfum eða öðrum táknnum og/eða samsetningu þeirra og skal í umsókn tilgreina merkið með einföldu lettri og í stöðluðu formi og uppsetningu, án myndrænna eiginleika eða litar.
2. **Myndmerki** er tákn í myndrænni útfærslu, hvort sem er í lit eða ekki, til dæmis mynd eða samsetning myndrænna hluta með eða án orða og skal í umsókn leggja fram eintak af merkinu sem sýnir alla þætti þess og þar sem við á, lit merkis.
3. **Þrívíddarmerki** getur verið til dæmis umbúðir, pakkningar, sjálf varan eða útlit hennar með eða án orða og skal í umsókn tilgreina merkið myndrænt, svo sem með tölvugerðri mynd eða ljósmynd sem sýnir þrívíða eiginleika merkisins.
4. **Staðsetningarmerki** er tákn sem sett er á tiltekinn stað á vöru. Í umsókn skal sýna vöruna sjálfa þar sem staðsetning táknsins er skýrlega afmörkuð. Þeir hlutar vörunnar sem ekki er óskað verndar fyrir skulu vera afmarkaðir á skýran hátt, til dæmis með brotalínu.
5. **Mynsturmerki** inniheldur tákn sem eru endurtekin með jöfnu millibili og mynda tiltekið mynstur og skal í umsókn tilgreina endurtekningu tákna, þ.e. mynstrið sjálft.
6. **Litamerki** inniheldur einn stakan lit eða samsetningu lita án útlína.
 - a. Þegar um stakan lit er að ræða skal í umsókn leggja fram skýra eftirmynd litarins og tilvísun til viðkomandi litar (litakóða) í viðurkenndu litakerfi.
 - b. Þegar um samsetningu lita er að ræða skal í umsókn leggja fram eftirmynd litasamsetningarinnar á skýran og nákvæman hátt. Einnig skal vísa til viðkomandi lita í almennt viðurkenndu litakerfi (litakóða).
7. **Hljóðmerki** samanstendur eingöngu af hljóði eða samsetningu hljóða og skal með umsókn leggja fram annaðhvort hljóðskrá með eftirmynd hljóðsins eða nákvæma tilgreiningu hljóðsins með nótaskrift.
8. **Hreyfimerki** felur í sér hreyfingu eða breytingu á staðsetningu tiltekinna tákna í merki. Með umsókn skal fylgja myndskrá eða röð stillimynda sem sýnir nákvæmlega þá hreyfingu eða breytingu tákna sem óskað er eftir að vernd nái yfir. Heimilt er að númera stillimyndir svo hreyfingin eða breytingin sé skýrlega tilgreind.
9. **Margmiðlunarmerki** felur í sér bæði hljóð og mynd með eða án texta og skal með umsókn fylgja mynd- og hljóðskrá sem inniheldur samsetningu myndar/texta og hljóðs.
10. **Heilmyndarmerki** er tákn með heilmyndareiginleika, þ.e. sem breytist eftir því frá hvaða sjónarhorni horft er á merkið. Með umsókn skal fylgja myndskrá eða myndræn eftirmynd af merkinu þar sem sýnd eru þau sjónarhorn merkisins sem nauðsynleg eru til þess að hægt sé að átta sig á heildarmynd þess.

Ef lýsing er lögð fram með umsókn skal hún vera í samræmi við framsetningu merkis og ekki víkka út verndarumfang þess.

Hluti af lýsingu merkis getur verið að merkið sé í lit og tilgreining á þeim litum sem eru í merkinu. Sé framsetning merkis svart/hvít eða grátóna og lýsing þess gefur ekki til kynna að merkið sé í lit afmarkast verndarsvið af þeim litum sem fram koma í umsókn og/eða lýsingu merkis.

Ef merki fellur ekki í einn ofangreindra flokka skal umsókn fylgja lýsing á merkinu, sbr. 1. tl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar ásamt því að merkið skal samræmast 1. mgr.

8. gr.

Tæknilegar kröfur til framsetningar merkis.

Merki skal sett fram með þeirri tækni sem almennt er aðgengileg og skal rafræn framsetning merkis í umsókn samræmast kröfum um skráarform og skráarstærð þá sem ákveðin er á hverjum tíma af Hugverkastofunni og er birt á vefsíðu stofnunarinnar.

Ef umsókn er lögð inn á pappír skulu fylgja aukaeintök af merkinu. Sýna skal allar myndir af merkinu ef við á og má stærð merkis ekki vera meiri en DIN A4 stærð með rými sem nemur að minnsta kosti 2,5 cm kringum merkið.

Afrit merkisins skal vera af þeim gæðum að hægt sé að minnka það í stærð 8 x 8 cm eða stækka það svo það nái áðurnefndri stærð.

9. gr.

Forgangsréttur.

Beiðni um að umsókn njóti forgangsréttar samkvæmt 17. og 18. gr. vml. skal koma fram í umsókn. Þess skal getið á hvaða grundvelli forgangsréttar er krafist, tilgreina dagsetningu forgangsréttarumsóknar, hvar hún var fyrst lögð inn og umsóknarnúmer. Upplýsingar þessar skulu berast Hugverkastofunni eigi síðar en einum mánuði frá umsóknardegi.

Hugverkastofan getur krafist þess að umsækjandi afhendi fullnægjandi sönnun fyrir réttmæti fyrrgreindra upplýsinga, svo sem forgangsréttarskjal.

Afhendi umsækjandi ekki upplýsingar og gögn í samræmi við 1. og 2. mgr. innan tilskilins frests, nýtur umsóknin ekki forgangsréttar.

9. gr. a

Forgangur síðar tilkominnar umsóknar.

Þegar merki hefur verið skráð en fram kemur landsbundin umsókn eða beiðni um gildistöku alþjóðlegrar skráningar hér á landi með eldri viðmiðunardag, sbr. 23. gr. vml., kannar Hugverkastofan hvort sú umsókn eða skráning hefði staðið í vegi fyrir skráningunni. Telji Hugverkastofan að svo sé er eiganda merkisins send tilkynning þess efnis og honum veittur tveggja mánaða frestur til þess að tjá sig um málið. Heimilt er að framlengja frestinn einu sinni um tvo mánuði nema fram komi haldbær rök fyrir því að fresta skuli málinu frekar.

Hugverkastofan synjar síðar til kominni umsókn eða alþjóðlegri skráningu að svo stöddu, ef við á, með vísan til viðeigandi lagaákvæða en afgreiðslu hennar er að öðru leyti frestað með rökstuddu erindi þar um. Hugverkastofan tekur afstöðu til skráningarhæfis hennar að nýju þegar sjónarmið eiganda hins skráða merkis liggja fyrir.

Komi ekki fram sjónarmið sem leiða til þess að skráningin haldi gildi sínu skal hún ógilt í heild eða að hluta. Réttaráhrif miðast við umsóknardag. Eiganda er tilkynnt um ógildingu skráningar sem og um frest til áfrýjunar.

Áfrýjun frestar réttaráhrifum ákvörðunar um skráningarhæfi hinnar síðar tilkomnu umsóknar.

10. gr.

Umsókn byggð á 57. gr. vörumerkjalaga.

Umsókn samkvæmt 57. gr. vml. og 9. gr. e (*quinquies*) í bókuninni (e. *central attack*), skal hafa að geyma númer alþjóðlegrar skráningarinnar, alþjóðlegan skráningardag og upplýsingar um forgangsrétt ef við á. Með umsókninni skal fylgja tilskilið gjald.

Tilgreining á vöru og/eða þjónustu skal samræmast fyrri tilgreiningu, útvíkkun á verndarumfangi er ekki heimil.

Heimilt er, skv. 4. gr., að leggja tilgreininguna inn á ensku en óski Hugverkastofan eftir þýðingu ber að afhenda hana innan tilskilins frest sem stofnunin setur. Berist þýðing ekki innan tilskilins frests er umsókn felld úr gildi.

11. gr.

Gagnkvæm réttarvernd.

Aðilar, búsettir í ríkjum sem hvorki eru aðilar að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar né samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), njóta, í þeim tilvikum sem um það hefur verið samið, gagnkvæmrar réttarverndar.

Í þeim tilvikum sem um gagnkvæma réttarvernd er að ræða er í samræmi við 1. mgr. 33. gr. vml. ekki krafist sönnunar á skráningu í heimalandi.

12. gr.

Umsókn byggð á 6. gr. e (quinquies) Parísarsamþykktarinnar.

Aðilar, búsettir í ríkjum sem eru aðilar að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar eða samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), njóta gagnkvæmrar réttarverndar.

Í þeim tilvikum sem um gagnkvæma réttarvernd er að ræða getur umsækjandi frá hinu erlenda ríki krafist, með þeim skilyrðum sem koma fram í 6. gr. e (quinquies) Parísarsamþykktarinnar, að merki hans verði skráð með sama hætti og það er skráð í hinu erlenda ríki (*telle quelle* skráning).

Skráning á þessum grundvelli veitir ekki rýmri rétt en skráning í heimalandi.

III. KAFLI

Meðferð umsókna og skráning.

13. gr.

Ákvörðun umsóknardags.

Umsókn fær númer og umsóknardag við móttöku hjá Hugverkastofunni, enda komi fram með skýrum hætti merki það sem sótt er um vernd fyrir, sbr. 2. mgr. 7. gr., nafn eða heiti umsækjanda ásamt tengiliðaupplýsingum og tilgreining á vöru og/eða þjónustu ásamt flokkanúmerum, sbr. 1. og 2. mgr. 12. gr. vml.

Umsóknardagur telst vera sá dagur sem skilyrði samkvæmt 1. mgr. eru uppfyllt.

14. gr.

Formskilyrði umsókna.

Umsókn er tekin til meðferðar þegar umsóknargjald er greitt samkvæmt 12. gr. vml. og 6. gr. reglugerðar þessarar. Uppfylli umsókn ekki formskilyrði laga og reglugerðar þessarar skal veita umsækjanda hæfilegan frest til þess að lagfæra umsóknina. Framlengja má frestinn komi fram beiðni þess efnis.

Að 6 mánuðum liðnum getur Hugverkastofan óskað eftir skýringum ef frekari fresta er óskað. Að 12 mánuðum liðnum verður mál tekið til áframhaldandi meðferðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna hafi umsækjandi eða umboðsmaður hans látið hjá líða að sinna frestum.

Berist lagfæringar ekki innan tilskilins frests verður umsóknin felld úr gildi. Umsókn verður aðeins tekin fyrir að nýju að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 19. gr. vml.

15. gr.

Efnisleg rannsókn umsókna.

Umsókn er rannsökuð efnislega í samræmi við ákvæði vörumerkjagala og viðeigandi ákvæði reglugerðar þessarar, sbr. og 19. gr. vml., þegar hún uppfyllir kröfur um formskilyrði.

Hugverkastofunni er heimilt, án samráðs við umsækjanda, að lagfæra augljósar villur í umsókn eða skráningu, svo sem vöru- og/eða þjónustulista eða lýsingu, svo fremi sem lagfæringarnar hafa ekki áhrif á umsóknina efnislega. Hugverkastofan skal þó upplýsa umsækjanda um að slíkar lagfæringar hafi verið gerðar.

Ef fyrirhugað er að synja umsókn er umsækjanda tilkynnt um það og ákvörðunin rökstudd. Veittur er hæfilegur frestur til að koma fram með athugasemdir. Framlengja má frestinn komi fram beiðni þess efnis.

Komi fram rökstuðningur eða gögn sem breyta ekki fyrirhugaðri ákvörðun um synjun er umsókn synjað að nýju og veittur hæfilegur frestur, sbr. 2. mgr., til að leggja fram frekari rökstuðning.

Að 12 mánuðum liðnum getur Hugverkastofan óskað eftir skýringum ef frekari fresta er óskað. Að 24 mánuðum liðnum verður mál tekið til áframhaldandi meðferðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna hafi umsækjandi eða umboðsmaður hans látið hjá líða að sinna frestum.

Ákveði umsækjandi að tjá sig ekki um synjun stofnunarinnar eða berist hvorki rök né gögn sem breytt geta ákvörðun stofnunarinnar er umsókn felld úr gildi að liðnum fresti og verður hún aðeins tekin fyrir að nýju að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 19. gr. vml.

Verði umsókn synjað í heild eða að hluta, sbr. 2. eða 4. mgr. 19. gr. vml., frestast réttaráhrif ákvörðunar þar til endanleg niðurstaða í málinu liggur fyrir.

Begar umsóknin telst uppfylla skilyrði vörumerkjalaga er merkið birt í Hugverkatíðindum.

16. gr.

Ábending gegn umsókn.

Heimilt er þriðja aðila að leggja fram ábendingu sem mælir gegn skráningu merkis samkvæmt 20. gr. a. vml. Framlagning ábendingar veitir ekki aðild að málsmeðferð vegna umsóknarinnar en þeim sem leggur ábendinguna fram eru veittar leiðbeiningar um möguleika til andmæla verði merkið skráð.

Hugverkastofan upplýsir umsækjanda um að ábending hafi borist. Komist Hugverkastofan að þeirri niðurstöðu að ábending leiði til þess að merki skuli ekki skrá skal fara með slíka umsókn í samræmi við ákvæði um efnislega rannsókn.

17. gr.

Frestun málsmeðferðar.

Hugverkastofunni er heimilt að fresta málsmeðferð vegna umsóknar ef líklegt er að niðurstaða í öðru máli muni hafa áhrif á málið. Úrræði þessu skal þó beitt varlega og aðeins ef sterkar líkur eru á því að niðurstaðan komi til með að hafa áhrif.

Fresti Hugverkastofan málsmeðferð skal umsækjanda sent rökstutt erindi þess efnis.

18. gr.

Skráning og skírteini.

Þegar skráningarferli er lokið fær merkið skráningardag, sbr. 17. tölul. 1. mgr. 2. gr., og er skírteini gefið út til staðfestingar á skráningu.

IV. KAFLI

Alþjóðlegar skráningar sem tilnefna Ísland.

19. gr.

Ísland tilnefnt í alþjóðlegri skráningu.

Greiða skal tilskilið gjald fyrir umsókn um að alþjóðleg skráning merkis öðlist gildi hér á landi með tilnefningu Íslands. Gjaldið skal greiða til Alþjóðahugverkastofnunarinnar í svissneskum frönkum í samræmi við 34. og 35. reglu í reglugerð við bókunina.

Fara skal með umsóknina að öðru leyti eins og um landsbundna umsókn væri að ræða og skulu ákvæði vörumerkjalaga og reglugerðar þessarar sem varða meðferð umsókna og skráninga eiga við um umsóknir um alþjóðlega skráningu hér á landi einnig, þar á meðal ákvæði 16. gr. reglugerðarinnar um ábendingar þriðju aðila.

20. gr.

Móttaka umsókna um alþjóðlega skráningu.

Þegar Hugverkastofunni berst tilkynning um að Ísland hafi verið tilnefnt í alþjóðlegri skráningu merkis fær umsóknin númer til auðkenningar. Umsóknardagur miðast við dagsetningu tilnefningar á Íslandi í alþjóðlegu

Hugverkastofan flokkar umsókn í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar og skal sú flokkun samræmast framsetningu og lýsingu á merkinu hjá Alþjóðahugverkastofnuninni.

Hugverkastofan tilgreinir í vörumerkjaskrá hvort um er að ræða vörumerki, félagamerki eða ábyrgðar- og gæðamerki.

Tilgreining vöru og/eða þjónustu sem óskað er skráningar fyrir er færð í vörumerkjaskrá á ensku.

21. gr.

Rannsókn og birting.

Hugverkastofan kannar hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að merkið öðlist gildi hér á landi og hvort merkið uppfylli skilyrði vörumerkjalaga.

Telji Hugverkastofan að alþjóðleg skráning merkis geti ekki öðlast gildi hér á landi skal tilkynna um þá niðurstöðu til Alþjóðahugverkastofnunarinnar með upplýsingum um synjun í heild eða að hluta. Veittur er hæfilegur frestur til þess að koma fram með athugasemdir við synjunina og tilnefna umboðsmann í samræmi við 35. gr. vml. Málsmeðferð og frestir eru eftirleiðis í samræmi við málsmeðferð vegna landsbundinna umsókna, sbr. II. og III. kafla. reglugerðar þessarar, eftir því sem við á.

Verði umsókn synjað í heild eða að hluta, sbr. 2. eða 4. mgr. 19. gr. vml., frestast réttaráhrif ákvörðunar þar til endanleg niðurstaða í málinu liggur fyrir.

Ákveði umsækjandi að tjá sig ekki um synjun stofnunarinnar er umsókn felld úr gildi að liðnum fresti og verður hún aðeins tekin fyrir að nýju að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 19. gr. vml.

Þegar umsóknin telst uppfylla skilyrði vörumerkjalaga er merkið birt í Hugverkatíðindum.

Send er tilkynning til Alþjóðahugverkastofnunarinnar þegar endanleg niðurstaða liggur fyrir.

V. KAFLI

Umsókn um alþjóðlega skráningu merkis.

22. gr.

Móttaka umsóknar um alþjóðlega skráningu.

Umsókn um alþjóðlega skráningu merkis, sem byggir á íslenskri umsókn eða skráningu, skal vera á ensku og henni skilað til Hugverkastofnunarinnar í samræmi við kröfur Alþjóðahugverkastofnunarinnar hverju sinni.

Með umsókn skal fylgja tilskilið gjald samkvæmt gjaldskrá til Hugverkastofnunarinnar fyrir móttöku og meðhöndlun umsóknarinnar (umsýslugjald). Önnur gjöld samkvæmt 8. gr. bókunarinnar við Madridsamninginn skal greiða beint til Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

23. gr.

Kröfur til umsókna.

Umsóknin skal uppfylla skilyrði reglu 9 í kafla 1 reglugerðar við bókunina við Madridsamninginn og í henni skal meðal annars tilgreina:

1. nafn umsækjanda, heimilisfang og aðrar tengiliðaupplýsingar sem krafist er, svo sem netfang eða símanúmer;
2. tegund merkis, þ.e. hvort það er vörumerki, félagamerki eða ábyrgðar- og gæðamerki;
3. merkið með skýrum og nákvæmum hætti og eins og það er tilgreint í þeirri íslensku umsókn eða skráningu sem umsóknin byggir á;
4. þær vöru og/eða þjónustu sem óskað er skráningar fyrir, ásamt númerum vöru- og/eða þjónustuflokka í samræmi við ákvæði Nice-samningsins frá 1957 um alþjóðlega flokkaskrá vörumerkja, með síðari breytingum;
5. númer og dagsetningu þeirrar íslensku umsóknar eða skráningar sem alþjóðlega skráningin skal byggð á;
6. nöfn þeirra ríkja eða ríkjasambanda sem umsækjandi tilnefnir.

Óski umsækjandi eftir að tilnefna umboðsmann gagnvart Alþjóðahugverkastofnuninni skal nafn umboðsmanns og heimilisfang fylgja umsókninni.

Umsóknin skal enn fremur vera í samræmi við 3. gr. 3. gr. b (*bis*) og 3. gr. c (*ter*) í bókuninni og ákvæði reglugerðar við hana.

Umsókn má byggja á fleiri en einni umsókn eða skráningu ef merkið er hið sama, umsækjandi er sami aðili og sú vara og/eða þjónusta, sem tilgreind er í umsókninni, kemur einnig fram í einni eða fleiri umsóknum eða skráningum. Tilgreining á vöru og/eða þjónustu má ekki vera víðtækari en í grunnumsókn(um) eða -skráningu(m).

24. gr.

Móttaka umsókna og áframsending.

Á umsókn um alþjóðlega skráningu merkis samkvæmt 22. gr. reglugerðar þessarar skal færa dagsetningu móttöku hjá Hugverkastofunni.

Hugverkastofan fer yfir umsókn með tilliti til samræmis milli upplýsinga í umsókninni og þeirrar umsóknar eða skráningar sem byggt er á.

Telji Hugverkastofan að alþjóðlegri umsókn sé ábótavant skal tilkynna umsækjanda um það og honum veittur stuttur frestur til þess að leiðrétta eða lagfæra umsóknina.

Berist Hugverkastofunni ekki slík leiðrétting eða lagfæring innan tilskilins frests ákveður Hugverkastofan hvort fella skuli umsókn úr gildi eða senda hana óbreytta til Alþjóðahugverkastofnunarinnar. Tilkynna skal umsækjanda um þá ákvörðun.

Þegar skilyrði hafa verið uppfyllt áframsendir Hugverkastofan umsóknina til Alþjóðahugverkastofnunarinnar eins fljótt og auðið er.

Þess skal getið í vörumerkjaskrá ef alþjóðleg skráning er byggð á íslenskri umsókn eða skráningu.

25. gr.

Síðari tilnefningar.

Heimilt er að sækja um síðari tilnefningar ríkja eða ríkjasambanda í samræmi við 2. mgr. 3. gr. c (*ter*) í bókuninni annaðhvort hjá Hugverkastofunni eða beint hjá Alþjóðahugverkastofnuninni í samræmi við kröfur hverju sinni.

Berist slík síðari tilnefning til Hugverkastofunnar ber henni að áframsenda umsóknina til Alþjóðahugverkastofnunarinnar þegar öllum skilyrðum er fullnægt.

VI. KAFLI

Andmæli.

26. gr.

Innlögn andmæla.

Andmæli gegn skráningu vörumerkis, félagamerkis eða ábyrgðar- og gæðamerkis samkvæmt 22. gr. og 22. gr. a. - c. vml. skulu berast Hugverkastofunni innan tveggja mánaða frá birtingardegi viðkomandi merkis ásamt tilskildu gjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Andmæli geta varðað hvort sem er íslenska skráningu eða alþjóðlega skráningu sem tekur gildi hér á landi samkvæmt 2. mgr. 52. gr. vml.

Heimilt er að andmæla skráningu merkis í heild eða að hluta.

Andmæli skulu vera skrifleg og hafa að geyma:

1. nafn andmælanda og nauðsynlegar tengiliðaupplýsingar, svo sem heimilisfang og netfang ásamt nafni og upplýsingum um umboðsmann ef við á;
 2. merkið sem um ræðir ásamt númeri, flokkum og dagsetningu birtingar;
 3. grundvöll andmælanna, þ.m.t. tilvísun til þeirra lagaákvæða sem andmælin byggja á, til hvaða flokka og/eða vöru/þjónustu andmælin taka ásamt því á hvaða eldri réttindum andmælin byggja, ef við á.
- Uppfylli andmæli ekki kröfur samkvæmt 3. mgr. skal andmælanda veittur stuttur frestur til lagfæringa.

27. gr.

Frávísun andmæla.

Berist lagfæringar ekki innan tilskilins frests, sbr. 26. gr. reglugerðar þessarar, eða hafi tilskilið gjald ekki fylgt andmælum ber Hugverkastofunni að vísa andmælum frá.

Andmælanda skal veittur eins mánaðar frestur til þess að tjá sig um frávísunina áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Leiði rökstuðningur andmælanda eða framlögð gögn ekki til þess að ákvörðun um frávísun verði endurskoðuð vísar Hugverkastofan málinu endanlega frá og upplýsir um frest til áfrýjunar.

28. gr.

Meðferð andmælamáls.

Hugverkastofan getur veitt andmælanda tveggja mánaða frest til að leggja fram rökstuðning og/eða gögn til stuðnings andmælunum. Sá frestur verður eingöngu framlengdur ef þörf þykir og, ef um alþjóðlega skráningu er að ræða, til samræmis við þann frest sem eigandi merkis hefur enn til að leggja inn svar við andmælunum.

Eiganda skráningar skal tilkynnt um framkomin andmæli og þegar greinargerð andmælanda liggur fyrir er eiganda veittur tveggja mánaða frestur til að tjá sig. Byggi andmælin á ruglingshættu við eldra merki skal gera eiganda þeirrar skráningar sem andmælt er grein fyrir þeim möguleika að óska eftir að andmælandi sýni fram á notkun sína á merkinu í samræmi við 22. gr. c. og 25. gr. laganna.

Varði andmælin alþjóðlega skráningu sendir Hugverkastofan tilkynningu þar um til Alþjóðahugverkastofnunarinnar og veitir eiganda þriggja mánaða frest til þess bregðast við andmælunum, sbr. 3. mgr. 53. gr. vml. og tilnefna umboðsmann samkvæmt 35. gr. vml.

Kjósi eigandi að tjá sig ekki um andmælin eru þau tekin til úrskurðar án frekari athugasemda frá andmælanda.

Hugverkastofan getur veitt aðilum eins mánaðar frest til að leggja fram frekari greinargerðir.

Heimilt er að óska eftir framlengingu á frestum samkvæmt 2.-5. mgr. Hugverkastofan getur óskað eftir skýringum ef frekari fresta er óskað.

29. gr.

Frestun málsmeðferðar að beiðni málsaðila.

Að beiðni beggja aðila er heimilt að fresta málsmeðferð um að lágmarki tvo mánuði vilji aðilar leita sátta.

Beiðni um frestun skal berast Hugverkastofnunni frá báðum aðilum sameiginlega eða hvorum um sig með samþykki gagnaðila og frestar stofnunin þá málsmeðferð um að lágmarki tvo mánuði. Heimilt er að taka tillit til þeirrar tímalengdar sem aðilar óska eftir og fresta málsmeðferð í samræmi við slíkar óskir.

Að beiðni beggja aðila er heimilt að framlengja frestun máls um að lágmarki tvo mánuði í senn.

Nái aðilar sáttum, hvort sem er um að halda andmælamáli áfram eða ekki, skal sú niðurstaða tilkynnt Hugverkastofnunni sem ýmist tekur málið til áframhaldandi meðferðar í heild eða að hluta eða fellir andmælamálið niður.

Að 24 mánuðum liðnum frá upphafi sáttaumleitana tekur Hugverkastofan málið til áframhaldandi meðferðar hafi upplýsingar um niðurstöðu sáttaumleitana ekki borist stofnuninni.

30. gr.

Frestun málsmeðferðar að frumkvæði Hugverkastofunnar.

Hugverkastofnunni er heimilt að fresta málsmeðferð í andmælamáli ef líklegt er að niðurstaða í öðru máli muni hafa áhrif á málið. Úrræði þessu skal þó beitt varlega og aðeins ef sterkar líkur eru á því að niðurstaðan komi til með að hafa áhrif.

Fresti Hugverkastofan málsmeðferð skal málsaðilum sent rökstutt erindi þess efnis.

31. gr.

Sameining mála.

Berist andmæli gegn sama merki frá fleiri en einum aðila er Hugverkastofnunni heimilt að sameina málin með þeim hætti að úrskurða í einu lagi um andmælin.

Berist andmæli gegn fleiri en einu merki í eigu sama eiganda er Hugverkastofnunni enn fremur heimilt að sameina málin með þeim hætti að úrskurða í einu lagi um andmælin.

Áður en ákvörðun er tekin um sameiningu mála kallar Hugverkastofan eftir sjónarmiðum málsaðila ef þörf þykir. Sameining mála hefur ekki áhrif á rétt til áfrýjunar eða að mál sé borið undir dómstóla.

32. gr.

Úrskurður í andmælamáli.

Unnt er að taka andmæli til greina í heild eða að hluta, hafna þeim eða yfirfæra réttindin til andmælanda hafi hann farið fram á það.

Telji Hugverkastofan að réttindin skuli á grundvelli fyrirbyggjandi gagna yfirfærð til andmælanda skal aðilum tilkynnt um þá niðurstöðu. Andmælanda er veittur eins mánaðar frestur til að greiða nýtt umsóknargjald. Úrskurðað er í málinu þegar gjaldið hefur verið greitt. Greiði andmælandi ekki gjaldið innan tilskilins frests tekur Hugverkastofan málið til meðferðar að nýju.

Úrskurður í andmælamáli er sendur andmælanda og eiganda skráningar. Niðurstaða úrskurðar skal birt í Hugverkatiðindum og úrskurðurinn birtur á vefsíðu stofnunarinnar ásamt greinargerðum aðila.

Varði andmælin alþjóðlega skráningu sendir Hugverkastofan tilkynningu um úrskurðinn til Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

Haldi skráning gildi sínu fær merkið skráningardag að liðnum þeim fresti sem málsaðilar hafa til að bera málið undir áfrýjunarnefnd eða dómstóla, sbr. 63. gr. vml., fari málið ekki í þann farveg. Verði úrskurði Hugverkastofunnar um yfirfærslu réttinda í andmælamáli hnekkt endurgreiðir Hugverkastofan umsóknargjald skv. 2. mgr.

VII. KAFLI

Ógilding skráningar.

33. gr.

Krafa um ógildingu skráningar.

Kröfu um ógildingu skráningar samkvæmt 28. gr. og 28. gr. a. og b. laganna skal beint til Hugverkastofunnar ásamt tilskildu gjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Öllum er heimilt að leggja fram beiðni um ógildingu skráningar telji þeir að vörumerki, félagamerki eða ábyrgðar- og gæðamerki hafi verið skráð andstætt ákvæðum laganna og getur mál varðað hvort sem er landsbundna skráningu eða alþjóðlega skráningu sem gildir hér á landi samkvæmt 2. mgr. 52. gr. vml.

Heimilt er að óska eftir ógildingu skráningar í heild eða að hluta og skal krafa um ógildingu skráningar hafa að geyma:

1. nafn þess sem krefst ógildingar skráningar og nauðsynlegar tengiliðaupplýsingar, svo sem heimilisfang og netfang ásamt nafni og upplýsingum um umboðsmann ef við á;
2. merkið sem um ræðir ásamt flokkum og númeri þeirrar skráningar sem krafist er að verði ógilt;
3. rökstuðning fyrir kröfu um ógildingu skráningar og
4. nauðsynleg gögn til stuðnings kröfunni ef við á.

Uppfylli krafa um ógildingu ekki kröfur 3. mgr. skal beiðanda veittur stuttur frestur til lagfæringa. Berist lagfæringar ekki innan tilskilins frests og Hugverkastofan telur ekki ástæðu til að framlengja frestinn skal kröfu um ógildingu vísað frá.

34. gr.

Frávísun kröfu um ógildingu skráningar.

Berist lagfæringar ekki innan tilskilins frests, sbr. 33. gr. reglugerðar þessarar, skorti kröfu aðila lagastoð eða hafi tilskilið gjald ekki fylgt kröfu um ógildingu ber Hugverkastofunni að vísa kröfunni frá.

Kröfu um ógildingu er enn fremur vísað frá ef mál vegna sömu skráningar er til meðferðar fyrir dómstólum.

Beiðanda skal veittur eins mánaðar frestur til þess að tjá sig um frávísunina áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Leiði rökstuðningur beiðanda eða framlögð gögn ekki til þess að ákvörðun um frávísun verði endurskoðuð vísar Hugverkastofan málinu endanlega frá og upplýsir um frest til áfrýjunar.

35. gr.

Meðferð ógildingarmáls.

Eiganda skráningar skal tilkynnt um framkomna ógildingarkröfu og honum veittur tveggja mánaða frestur til að tjá sig. Varði krafan alþjóðlega skráningu sendir Hugverkastofan skráðum eiganda merkisins slíka tilkynningu og veitir þriggja mánaða frest til þess að bregðast við. Hafi umboðsmaður komið að málinu á fyrri stigum er honum sent afrit af tilkynningunni.

Byggi krafan á eldra skráðu merki skal gera eiganda skráningarinnar grein fyrir þeim möguleika að óska eftir að beiðandi sýni fram á notkun sína á merkinu í samræmi við 28. gr. a. og 25. gr. laganna. Enn fremur skal gera eiganda grein fyrir þeim möguleika að bera fyrir sig 28. gr. b. laganna.

Kjósi eigandi að tjá sig ekki um ógildingarkröfuna er ákvarðað í málinu án frekari athugasemda frá beiðanda.

Hugverkastofan getur veitt aðilum eins mánaðar frest til að leggja fram frekari greinargerðir.

Heimilt er að óska eftir framlengingu á frestum samkvæmt ákvæði þessu. Hugverkastofan getur óskað eftir skýringum ef frekari fresta er óskað.

Beri eigandi fyrir sig 28. gr. a. eða b. laganna leggur Hugverkastofan mat á framlögð gögn með hliðsjón af skilyrðum ákvæðanna. Málsmeðferð hvað þau varðar er á forræði málsaðila og kallar stofnunin því ekki eftir frekari gögnum.

36. gr.

Frestun málsmeðferðar.

Samkvæmt 2. málslíð 5. mgr. 28. gr. d. vml. frestar Hugverkastofan málsmeðferð í ógildingarmáli ef dómsmál er höfðað vegna skráningarinnar áður en stofnunin hefur ákvarðað í málinu.

Hugverkastofunni er enn fremur heimilt að fresta málsmeðferð í ógildingarmáli ef líklegt er að niðurstaða í öðru máli muni hafa áhrif á málið. Úrræði þessu skal þó beitt varlega og aðeins ef sterkar líkur eru á því að niðurstaðan komi til með að hafa áhrif.

Fresti Hugverkastofan málsmeðferð skal málsaðilum sent rökstutt erindi þess efnis.

37. gr.

Sameining mála.

Berist fleiri en ein krafa um ógildingu sama merkis er Hugverkastofunni heimilt að sameina málin með þeim hætti að ákvarða í einu lagi um kröfur málsaðila.

Berist krafa um ógildingu á fleiri en einu merki í eigu sama eiganda er Hugverkastofunni enn fremur heimilt að sameina málin með þeim hætti að úrskurða í einu lagi um kröfurnar.

Áður en ákvörðun er tekin um sameiningu mála kallar Hugverkastofan eftir sjónarmiðum málsaðila ef þörf þykir. Sameining mála hefur ekki áhrif á rétt til áfrýjunar eða að mál sé borið undir dómstóla.

38. gr.

Ákvörðun í ógildingarmáli.

Unnt er að taka kröfu um ógildingu til greina í heild eða að hluta og skal miða réttaráhrif ógildingar skráningar merkis við umsóknardag.

Ákvörðun í ógildingarmáli er send beiðanda og eiganda skráningar. Niðurstaða ákvörðunar skal birt í Hugverkatiðindum og ákvörðunin birt á vefsíðu stofnunarinnar ásamt greinargerðum aðila.

Verði skráning merkis ógilt í heild eða að hluta skal birta tilkynningu þar að lútandi í Hugverkatiðindum og afmá skráninguna úr vörumerkjaskrá í samræmi við niðurstöðu þegar endanleg úrlausn áfrýjunarnefndar eða dómstóla liggur fyrir, ef við á.

Varði krafa um ógildingu alþjóðlega skráningu og hafi skráning merkis verið ógild í heild eða að hluta sendir Hugverkastofan tilkynningu um ákvörðunina til Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

VIII. KAFLI

Niðurfelling skráningar.

39. gr.

Krafa um niðurfellingu skráningar.

Kröfu um niðurfellingu skráningar samkvæmt 28. gr. c. laganna skal beint til Hugverkastofunnar ásamt tilskildu gjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Öllum er heimilt að leggja fram beiðni um niðurfellingu skráningar á vörumerki, félagamerki eða ábyrgðar- og gæðamerki ef skilyrði þau sem fram koma í 28. gr. c. laganna eru talin uppfyllt og getur mál varðað hvort sem er landsbundna skráningu eða alþjóðlega skráningu sem gildir hér á landi samkvæmt 2. mgr. 52. gr. vml.

Með hliðsjón af 1. mgr. 25. gr. vml. er ekki unnt að byggja kröfu um niðurfellingu á grundvelli notkunarleysis fyrr en að fimm árum liðnum frá skráningardegi, sbr. 17. tölul. 1. mgr. 2. gr.. Hafi merkið sem krafist er niðurfellingar á verið skráð fyrir gildistöku laga nr. 71/2020 verður viðmiðunardagur notkunar skyldu eiginlegur skráningardagur merkisins hér á landi ef um landsbundna skráningu er að ræða en birtingardagur þegar um er að ræða alþjóðlega skráningu sem öðlast gildi hér á landi.

Heimilt er að óska eftir niðurfellingu skráningar í heild eða að hluta og skal krafa um niðurfellingu skráningar hafa að geyma:

1. nafn þess sem krefst niðurfellingar skráningar og nauðsynlegar tengilaupplýsingar, svo sem heimilisfang og netfang ásamt nafni og upplýsingum um umboðsmann ef við á;
2. merkið sem um ræðir ásamt flokkum og númeri þeirrar skráningar sem krafist er að verði felld niður;
3. rökstuðning fyrir kröfu um niðurfellingu skráningar og
4. nauðsynleg gögn til stuðnings kröfunni ef við á.

Uppfylli krafa um niðurfellingu ekki kröfur 4. mgr. skal beiðanda veittur stuttur frestur til lagfæringa. Berist lagfæringar ekki innan tilskilins frests og Hugverkastofan telur ekki ástæðu til að framlengja frestinn skal kröfu um niðurfellingu vísað frá.

40. gr.

Frávísun kröfu um niðurfellingu skráningar.

Berist lagfæringar ekki innan tilskilins frests, sbr. 39. gr. reglugerðar þessarar, skorti kröfu aðila lagastoð eða hafi tilskilið gjald ekki fylgt kröfu um niðurfellingu ber Hugverkastofunni að vísa kröfunni frá.

Kröfu um niðurfellingu er enn fremur vísað frá ef mál vegna sömu skráningar er til meðferðar fyrir dómstólum.

Beiðanda skal veittur eins mánaðar frestur til þess að tjá sig um frávísunina áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Leiði rökstuðningur beiðanda eða framlögð gögn ekki til þess að ákvörðun um frávísun verði endurskoðuð vísar Hugverkastofan málinu endanlega frá og upplýsir um frest til áfrýjunar.

41. gr.

Meðferð niðurfellingarmáls.

Eiganda skráningar skal tilkynnt um framkomna niðurfellingarkröfu og honum veittur tveggja mánaða frestur til að tjá sig um kröfuna. Varði krafan alþjóðlega skráningu sendir Hugverkastofan skráðum eiganda merkisins slíka tilkynningu og veitir þriggja mánaða frest til þess að bregðast við. Hafi umboðsmaður komið að málinu á fyrri stigum er honum sent afrit af tilkynningunni.

Kjósi eigandi að tjá sig ekki um niðurfellingarkröfuna er ákvarðað í málinu án frekari athugasemda frá beiðanda.

Hugverkastofan getur veitt aðilum eins mánaðar frest til að leggja fram frekari greinargerðir.

Heimilt er að óska eftir framlengingu á frestum samkvæmt ákvæði þessu. Hugverkastofan getur óskað eftir skýringum ef frekari fresta er óskað.

42. gr.

Frestun málsmeðferðar.

Samkvæmt 2. málslíð 5. mgr. 28. gr. d. vml. frestar Hugverkastofan málsmeðferð í niðurfellingarmáli ef dómsmál er höfðað vegna skráningarinnar áður en stofnunin hefur ákvarðað í málinu.

Hugverkastofunni er enn fremur heimilt að fresta málsmeðferð í niðurfellingarmáli ef líklegt er að niðurstaða í öðru máli muni hafa áhrif á málið. Úrræði þessu skal þó beitt varlega og aðeins ef sterkar líkur eru á því að niðurstaðan komi til með að hafa áhrif.

Fresti Hugverkastofan málsmeðferð skal málsaðilum sent rökstutt erindi þess efnis.

43. gr.

Sameining mála.

Berist fleiri en ein krafa um niðurfellingu sama merkis er Hugverkastofunni heimilt að sameina málin með þeim hætti að ákvarða í einu lagi um kröfur málsaðila.

Berist krafa um niðurfellingu á fleiri en einu merki í eigu sama eiganda er Hugverkastofunni enn fremur heimilt að sameina málin með þeim hætti að úrskurða í einu lagi um kröfurnar.

Áður en ákvörðun er tekin um sameiningu mála kallar Hugverkastofan eftir sjónarmiðum málsaðila ef þörf þykir. Sameining mála hefur ekki áhrif á rétt til áfrýjunar eða að mál sé borið undir dómstóla.

44. gr.

Ákvörðun í niðurfellingarmáli.

Unnt er að taka kröfu um niðurfellingu til greina í heild eða að hluta og skal miða réttaráhrif við dagsetningu kröfunnar eða fyrri dagsetningu hafi rökstudd beiðni þess efnis verið lögð fram.

Ákvörðun í máli sem varðar kröfu um niðurfellingu skráningar er send beiðanda og eiganda skráningar. Niðurstaða ákvörðunar skal birt í Hugverkatiðindum og ákvörðunin birt á vefsíðu stofnunarinnar ásamt greinargerðum aðila.

Verði skráning merkis felld niður í heild eða að hluta skal birta tilkynningu þar að lútandi í Hugverkatiðindum og afmá skráninguna úr vörumerkjaskrá í samræmi við niðurstöðu þegar endanleg úrlausn áfrýjunarnefndar eða dómstóla liggur fyrir, ef við á.

Varði niðurfellingin alþjóðlega skráningu og hafi skráning merkis verið felld niður í heild eða að hluta, sendir Hugverkastofan tilkynningu um ákvörðunina til Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

IX. KAFLI

Endurnýjun.

45. gr.

Tímamark endurnýjunar og tilkynning.

Hafi umsókn verið lögð inn fyrir 1. september 2020 er gildistími 10 ár frá skráningardegi merkisins, sbr. 3. mgr. 39. gr. laga nr. 71/2020 og miðast dagsetning endurnýjunar og frestir til endurnýjunar samkvæmt 26. gr. vml. við skráningardag merkisins.

Hafi umsókn verið lögð inn 1. september 2020 og síðar er gildistími merkis 10 ár frá umsóknardegi, sbr. 26. gr. vml. og miðast dagsetning endurnýjunar og frestir við umsóknardag.

Ef ekki er sótt um endurnýjun innan þeirra fresta sem tilgreindir eru í 1. mgr. 27. gr. vml., er tekið við umsókn um endurnýjun í samræmi við 6. mgr. 27. gr. vml., berist beiðni þess efnis ásamt beiðni um endurupptöku og greiðslu tilskilins endurupptökugjalds innan tveggja mánaða frá lokum sex mánaða tímabils eftir að skráningartímabili lauk.

Hugverkastofan tilkynnir, í samræmi við 2. mgr. 27. gr. vml., skráðum eigendum eða umboðsmönnum þeirra um að komið sé að endurnýjun merkis. Tilkynning þessi er send í eitt sinn á skráð netfang í vörumerkjaskrá eða á heimilisfang umsækjanda eða umboðsmanns, hafi umboðsmaður verið tilnefndur. Skili erindi stofnunarinnar sér ekki til skráðs viðtakanda er önnur tilkynning ekki send.

Hafi umsókn um endurnýjun ekki borist innan fresta samkvæmt 27. gr. vml. er merkið afmáð úr vörumerkjaskrá að endurupptökufresti liðnum og auglýsing þess efnis birt í Hugverkatiðindum.

Berist greiðsla utan fresta er umsókn um endurnýjun merkisins hafnað og er eiganda eða umboðsmanni hans tilkynnt um það.

46. gr.

Umsókn um endurnýjun.

Umsókn um endurnýjun á skráningu merkis skal lögð inn hjá Hugverkastofunni rafrænt eða á þar til gerðu eyðublaði sem stofnunin lætur í té og skal henni fylgja tilskilið gjald samkvæmt gjaldskrá. Umsóknin skal undirrituð eða auðkennd með rafrænum hætti af umsækjanda eða umboðsmanni fyrir hans hönd.

Umsókn um endurnýjun alþjóðlegrar skráningar skal send Alþjóðahugverkastofnuninni. Fyrir endurnýjun á alþjóðlegri skráningu sem gildir hér á landi skal greiða tilskilið gjald samkvæmt gjaldskrá. Gjaldið skal greitt til Alþjóðahugverkastofnunarinnar í svissneskum frönkum í samræmi við 34. og 35. gr. reglugerðar við bókunina.

Ákvæði II. kafla reglugerðar þessarar eiga við um endurnýjunarumsóknir eftir því sem við á.

Telji Hugverkastofan þörf á því að tilgreina nánar tegund þess merkis sem endurnýjað er í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar tilkynnir stofnunin eiganda eða umboðsmanni hans um það og veitir stuttan frest til athugasemda.

47. gr.

Tilgreining vöru og/eða þjónustu við endurnýjun.

Tilgreining vöru og/eða þjónustu skal vera í samræmi við skráningu merkis og tilgreining vöru- og/eða þjónustuflokka skal fylgja ákvæðum Nice-samningsins frá 1957 um alþjóðlega flokkaskrá vörumerkja, með síðari breytingum.

Hafi breyting orðið á alþjóðlegri flokkaskrá Nice-samningsins sem krefst þess að nýjum vöru- og/eða þjónustuflokkum verði bætt við greiðist viðbótargjald fyrir hvern flokk samkvæmt gjaldskrá.

Í samræmi við ákvörðun Hugverkastofunnar um þrengri túlkun á yfirskriftum flokkaskrárinnar frá 1. janúar 2014, er heimilt við fyrstu endurnýjun merkis eftir það tímamark að tilgreina nánar þá vöru og/eða þjónustu sem merki er skráð fyrir. Útvíkkun á vernd er ekki heimil. Ef ekki er óskað eftir endurflokkun stendur tilgreining á vöru og/eða þjónustu óbreytt.

Við endurflokkun þá sem heimil er samkvæmt 3. mgr. skal þess gætt að tilgreiningar séu skýrar og nákvæmar. Það er á ábyrgð eigenda eða umboðsmanna þeirra að tilgreina nánar vöru og/eða þjónustu við endurnýjun í samræmi við ákvæði þetta.

Tilgreining vöru- og/eða þjónustu skal við endurnýjun vera á íslensku hafi umsókn um skráningu merkis verið lögð inn fyrir 1. apríl 2021 eða merki verið skráð og birt með tilgreiningu vöru og/eða þjónustu á íslensku.

48. gr.

Breytingar varðandi eiganda eða umboðsmann.

Þegar sótt er um endurnýjun á skráningu merkis skal veita upplýsingar um breytingar þær sem hafa átt sér stað varðandi eiganda eða umboðsmann, heimilisfang eða annað. Upplýsingar þessar skulu vera skriflegar og með upplýsingum um aðilaskipti skulu fylgja tilheyrandi skjöl eða gögn er staðfesta breytingarnar og tilskilið gjald, sbr. 57. gr. reglugerðar þessarar.

49. gr.

Meðferð umsóknar um endurnýjun.

Hugverkastofan yfirfer umsókn um endurnýjun með hliðsjón af ákvæðum laga um vörumerki og reglugerðar þessarar þegar gjald fyrir endurnýjun hefur verið greitt.

Ef umsókn eða tilgreiningum á vöru og/eða þjónustu er ábótavant skal veita eiganda merkis þriggja mánaða frest til að lagfæra umsóknina. Heimilt er að framlengja þann frest ef þess er óskað.

Ef umsókn er enn ábótavant eða samþykki Hugverkastofan ekki óskir um breytingar að fresti liðnum er eiganda tilkynnt um að merkið verði endurnýjað eins og það var skráð.

Þegar umsókn um endurnýjun uppfyllir tilgreind skilyrði eru upplýsingar um endurnýjun færðar í vörumerkjaskrá og birtar í Hugverkatiðindum. Jafnframt er eiganda sent afrit úr skránni til staðfestingar.

X. KAFLI

Breytingar á umsókn eða skráningu.

50. gr.

Breyting á skráðu merki.

Beiðni um breytingu á skráðu merki samkvæmt 24. gr. vml. skal fylgja tilskilið gjald samkvæmt gjaldskrá. Í beiðninni skal tilgreina:

1. merkið sem um ræðir;
 2. númer merkis;
 3. nafn, heimilisfang og aðrar tengiliðaupplýsingar eiganda skráningar og upplýsingar um umboðsmann ef við á og
 4. lýsingu á þeirri breytingu á merkinu sem óskað er eftir ásamt eintökum af nýrri mynd ef við á.
- Varði breytingin reglur félagamerkis eða ábyrgðar- og gæðamerkis skal leggja fram nýjar reglur.

Hugverkastofan kannar hvort skilyrði 24. gr. vml. eru uppfyllt. Ef breyting sú sem óskað er eftir er talin of umfangsmikil eða sé framlögðum gögnum ábótavant er veittur eins mánaðar frestur til úrbóta.

Telji Hugverkastofan að liðnum fresti ekki unnt að verða við beiðni um breytingu á merki er beiðninni synjað. Beiðanda er tilkynnt um þá niðurstöðu og bent á frest til áfrýjunar.

Verði breyting á merki samþykkt er merkið fært í vörumerkjaskrá og upplýsingar um breytinguna birtar í Hugverkatiðindum.

Breyttar reglur félagamerkis taka gildi við innfærslu í vörumerkjaskrá.

51. gr.

Breyting á tegund merkis.

Eigandi merkis sem sótt var um eða það skráð fyrir 1. september 2020 getur til nánari skýringa og gegn greiðslu tilskilins gjalds samkvæmt gjaldskrá, óskað eftir breytingu á tegund merkis í eftirfarandi tilfellum:

1. merkið sem um ræðir er myndmerki;
2. með beiðni um breytingu fylgir lýsing á merkinu sem er í samræmi við tegund merkis samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

Telji Hugverkastofan að framlögðum gögnum sé ábótavant er beiðanda veittur eins mánaðar frestur til þess að leggja fram nánari gögn eða skýringar.

Berist Hugverkastofunni ekki nánari gögn eða skýringar innan tilskilins frests skal vísa beiðninni frá.

Breytingar í vörumerkjaskrá skulu birtar í Hugverkatiðindum.

52. gr.

Hlutun umsókna eða skráninga.

Beiðni um hlutun samkvæmt 24. gr. a. laganna skal innihalda:

1. númer þeirrar umsóknar eða skráningar sem á að hluta;
2. lista yfir þá vöru og/eða þjónustu sem hver umsókn eða skráning á að innihalda eftir hlutun;
3. gjald samkvæmt gjaldskrá.

Umsókn eða skráning sem verður til við hlutun má ekki vera víðtækari en upprunalega umsóknin eða skráningin. Þá má hin nýja umsókn eða skráning ekki taka til sömu vöru og/eða þjónustu og hin upprunalega umsókn eða skráning.

Hugverkastofan kannar hvort beiðni um hlutun er í samræmi við 1. og 2. mgr. Ef umsókn er ábótavant skal beiðanda veittur eins mánaðar frestur til lagfæringa. Berist lagfæringar ekki innan tilskilins frests skal kröfu um hlutun hafnað.

Þegar beiðni um hlutun hefur verið samþykkt fær hin nýja umsókn eða skráning sjálfstætt númer en heldur sama umsóknar- eða skráningardegi sem og forgangsréttardegi og hin upprunalega umsókn eða skráning, hafi forgangsréttar verið krafist. Umboð, framsalsgögn og önnur skjöl tengd upprunalegu umsókninni eða skráningunni gilda einnig fyrir hina nýju umsókn sem verður til við hlutun.

Upplýsingar um hlutun eru birtar í Hugverkatiðindum.

53. gr.

Breyting á tilgreiningu vöru og/eða þjónustu.

Umsækjandi eða eigandi merkis getur óskað eftir því að tiltekin vara og/eða þjónusta verði felld brott úr vöru- og/eða þjónustulista eða að tilgreining vöru og/eða þjónustu verði skýrð nánar. Útvíkkun á verndarumfangi er ekki heimil.

Fyrir beiðni um breytingu skal greiða tilskilið gjald samkvæmt gjaldskrá. Í beiðninni skal tilgreina:

1. merkið sem um ræðir ásamt númeri
2. með skýrum og nákvæmum hætti hvaða vara og/eða þjónusta skuli felld brott eða skýrð nánar.

Hugverkastofan fer yfir beiðnina og sé henni með einhverjum hætti ábótavant er veittur eins mánaðar frestur til þess að leggja fram nánari gögn eða skýringar.

Berist Hugverkastofunni ekki nánari gögn eða skýringar innan tilskilins frests er beiðninni synjað.

Þegar breytingar hafa verið samþykktar er vöru- og/eða þjónustulisti uppfærður í vörumerkjaskrá. Upplýsingar um breytingar á vöru- og/eða þjónustulista á skráðum merkjum skal enn fremur birta í Hugverkatiðindum.

54. gr.

Umsókn afturkölluð eða skráning afmáð.

Tilkynning um að umsókn sé afturkölluð eða krafa um að skráning merkis verði afmáð úr vörumerkjaskrá skal vera skrifleg og stafa frá þeim sem er til þess bær að setja fram slíka kröfu. Í kröfu skal tilgreina merkið, númer þess og eiganda. Hugverkastofan getur óskað eftir nánari skýringum eða upplýsingum um umboð ef þess er talin þörf.

Hugverkastofan fellir umsókn úr gildi eða afmáir skráningu þegar skilyrðum 1. mgr. er fullnægt. Upplýsingar um að réttindi séu niður fallin eru birtar í Hugverkatiðindum.

55. gr.

Breyting á alþjóðlegum skráningum.

Hugverkastofan skráir og færir í vörumerkjaskrá breytingar á alþjóðlegum skráningum sem tilnefna Ísland og berast stofnuninni frá Alþjóðahugverkastofnuninni. Breytingar þessar eru birtar í Hugverkatiðindum.

56. gr.

Beiðni á grundvelli 54. gr. vörumerkjalaga.

Beiðni samkvæmt 54. gr. vml. og 4. gr. b (*bis*) í bókuninni (e. *replacement*) skal lögð inn hjá Hugverkastofunni og hafa að geyma upplýsingar um þá landsbundnu skráningu sem beiðnin tekur til ásamt númeri alþjóðlegu skráningarinnar.

Hugverkastofan fer yfir beiðnina og sé henni með einhverjum hætti ábótavant er veittur eins mánaðar frestur til þess að leggja fram nánari gögn eða skýringar.

Berist Hugverkastofunni ekki nánari gögn eða skýringar innan tilskilins frests er beiðninni synjað.

Þegar beiðni hefur verið samþykkt er breytingin færð í vörumerkjaskrá og birt í Hugverkatiðindum.

57. gr.

Aðilaskipti.

Beiðni um aðilaskipti skal leggja inn hjá Hugverkastofunni. Beiðninni skal fylgja tilskilið gjald samkvæmt gjaldskrá og nauðsynleg gögn, svo sem:

1. framsalsskjal,
2. framsalssamningur, útdráttur eða hluti framsalssamnings eða
3. staðfesting frá opinberum aðila um breytingu á eignarhaldi félags, breytingu á félagaformi og nafni þess eða samruna við annað félag.

Gögnin má leggja fram í frumriti, afriti eða á rafrænan hátt. Ljóst þarf að vera af gögnum hver framselur réttindin, hver tekur við þeim og hvaða réttindi um ræðir. Þá þarf framseljandi að vera sá sami og skráður eigandi

Hafi aðilaskipti átt sér stað oftari en einu sinni þegar beiðni er lögð fram skal tilgreina sögu aðilaskipta og leggja fram sönnun fyrir hver þeirra um sig.

Telji Hugverkastofan að beiðni sé með einhverjum hætti ábótavant er beiðanda veittur eins mánaðar frestur til þess að leggja fram nánari gögn eða skýringar.

Berist Hugverkastofunni ekki frekari upplýsingar innan tilskilins frests eru aðilaskipti ekki færð í vörumerkjaskrá.

Telji Hugverkastofan, þrátt fyrir lagfæringar, enn eitthvað því til fyrirstöðu að aðilaskipti verði færð í vörumerkjaskrá skal beiðninni vísað frá og upplýst um frest til áfrýjunar.

Fullnægi beiðni um aðilaskipti framangreindum kröfum eru breytingarnar færðar í vörumerkjaskrá og birtar í Hugverkatiðindum.

58. gr.

Breytt nafn eða heimilisfang.

Óski umsækjandi/eigandi eða umboðsmaður hans eftir því að breytt nafn eða heimilisfang verði fært í vörumerkjaskrá er nægjanlegt að senda Hugverkastofunni beiðni þess efnis með skriflegu erindi. Gögn er sýna fram á breytinguna þurfa ekki að fylgja en Hugverkastofan getur ávallt kallað eftir nánari skýringum eða gögnum ef þess gerist þörf.

Hugverkastofunni er heimilt á grundvelli 65. gr. vml. að stofna til samstarfs við innlendar stofnanir sem hafa umsjón með skráningu upplýsinga um einstaklinga og lögaðila hér á landi.

Verði breytingar á nafni, heiti eða heimilisfangi einstaklings eða lögaðila í opinberum skráum sem tengjast kennitölu uppfærast slíkar upplýsingar í vörumerkjaskrá eigendum að kostnaðarlausu á meðan slíkur samningur er til staðar. Eigendur merkja bera eftir sem áður ábyrgð á því á grundvelli 37. gr. vml. að upplýsingar um þá í vörumerkjaskrá séu réttar.

59. gr.

Veðsetning og aðför.

Með beiðni um að upplýsingar um veðsetningu eða aðför verði færðar í vörumerkjaskrá samkvæmt 39. gr. vml. skulu fylgja gögn um þann rétt sem um er að ræða og tilskilið gjald samkvæmt gjaldskrá. Gögn má leggja fram í frumriti, afriti eða á rafrænan hátt.

Sé um veðsetningu eða aðför hér á landi að ræða skal fylgja afrit af tryggingarbréfi, veðskuldabréfi eða öðru skjali sem þinglýst hefur verið. Hafi veðsetning farið fram erlendis skal leggja fram veðsamning eða annað sem staðfestir veðsetningu eða aðför í viðkomandi landi.

Telji Hugverkastofan að framlögðum gögnum sé ábótavant er beiðanda veittur eins mánaðar frestur til þess að leggja fram nánari gögn eða skýringar.

Berist Hugverkastofunni ekki nánari gögn eða skýringar innan tilskilins frests verða upplýsingar um veðsetningu eða aðför ekki færðar í vörumerkjaskrá.

Telji Hugverkastofan, þrátt fyrir lagfæringar, enn eitthvað því til fyrirstöðu að upplýsingar um veðsetningu eða aðför verði færðar í vörumerkjaskrá skal beiðninni vísað frá og upplýst um frest til áfrýjunar.

Fullnægi beiðni framangreindum kröfum eru breytingar færðar í vörumerkjaskrá og birtar í Hugverkatiðindum.

Upplýsingar í vörumerkjaskrá um veðsetningu eða aðför hafa eingöngu upplýsingagildi fyrir þriðju aðila. Eigandi merkis eða veðhafi bera ábyrgð á að tilkynna Hugverkastofunni um að veð sé niður fallið.

60. gr.

Nytjaleyfi.

Með beiðni um innfærslu á nytjaleyfi samkvæmt 38. gr. vml. skal fylgja tilskilið gjald samkvæmt gjaldskrá og gögn þar sem fram kemur nafn og heimilisfang nytjaleyfishafa, hvenær nytjaleyfi var veitt, umfang þess og staðfesting réttihafa á veitingu leyfisins. Gögn má leggja fram í frumriti, afriti eða á rafrænan hátt.

Telji Hugverkastofan að framlögðum gögnum sé ábótavant eða að notkun leyfishafa á merkinu geti leitt til hættu á ruglingi er beiðanda veittur eins mánaðar frestur til þess að leggja fram nánari gögn eða skýringar.

Berist Hugverkastofunni ekki nánari gögn eða skýringar innan tilskilins frests verða upplýsingar um nytjaleyfi ekki færðar í vörumerkjaskrá.

Telji Hugverkastofan, þrátt fyrir lagfæringar, enn eitthvað því til fyrirstöðu að upplýsingar um nytjaleyfi verði færðar í vörumerkjaskrá er beiðninni synjað og upplýst um frest til áfrýjunar.

Fullnægi beiðni um nytjaleyfi framangreindum kröfum eru breytingar færðar í vörumerkjaskrá og birtar í Hugverkatiðindum.

Upplýsingar í vörumerkjaskrá um veitingu nytjaleyfis hafa eingöngu upplýsingagildi fyrir þriðju aðila. Eigandi merkis eða nytjaleyfishafi bera ábyrgð á að tilkynna Hugverkastofunni um að nytjaleyfi sé niður fallið.

XI. KAFLI Vörumerkjaskrá.

61. gr.

Landsbundnar umsóknir.

Hugverkastofan heldur úti vörumerkjaskrá. Í vörumerkjaskrá skal hvað varðar landsbundnar umsóknir tilgreina:

1. númer merkis;
2. umsóknardag, sem ef um umsókn á grundvelli 57. gr. vml. er að ræða er hinn sami og alþjóðlegur skráningardagur þeirrar skráningar sem byggt er á;
3. merkið ásamt tilgreiningu á orðum í merkinu ef við á;
4. upplýsingar um tegund merkis í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar;
5. upplýsingar um hvort merki er í lit ef við á;
6. myndflokkun ef við á;
7. lýsingu í samræmi við 3. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar þegar við á. Texti í lýsingu sem ekki varðar framsetningu merkis er ekki færður í vörumerkjaskrá.
8. upplýsingar um hvort um vörumerki, félagamerki eða ábyrgðar- og gæðamerki er að ræða;
9. tilgreiningu á vöru og/eða þjónustu þeirri sem tilgreind er í umsókn ásamt númerum vöru- og/eða þjónustuflokka;
10. kröfu um forgangsrétt, þ.e. númer, dagsetningu og land þeirrar umsóknar eða skráningar sem forgangsréttur byggir á;
11. upplýsingar um skráningu í heimalandi samkvæmt 33. gr. eða 34. gr. vml. ef við á;
12. nafn, heimilisfang og kennitölu umsækjanda ásamt öðrum helstu tengiliðaupplýsingum;
13. nafn umboðsmanns, heimilisfang og kennitölu ásamt öðrum helstu tengiliðaupplýsingum hafi umboðsmaður verið tilnefndur;
14. upplýsingar um hvort umsóknin hefur verið grundvöllur alþjóðlegrar skráningar;
15. stöðu umsóknar;
16. reglur félagamerkis eða ábyrgðar- og gæðamerkis ásamt dagsetningu gildistöku;
17. upplýsingar um dagsetningu hlutunar og númer nýrrar umsóknar hafi umsókn verið hlutuð;
18. númer grunnumsóknar ef um er að ræða hlutaða umsókn.

62. gr.

Landsbundnar skráningar.

Þegar merki hefur verið samþykkt skulu auk upplýsinga samkvæmt 65. gr. reglugerðar þessarar eftirtaldar upplýsingar koma fram í vörumerkjaskrá:

1. birtingardagur;
2. skráningardagur, þegar þær upplýsingar liggja fyrir samkvæmt 25. gr. vml.;
3. breytingar, takmarkanir eða aðrar athugasemdir varðandi merkið og umfang skráningar;
4. breytingar á reglum um notkun félagamerkis og ábyrgðar- og gæðamerkis og dagsetningu gildistöku þar sem við á;
5. upplýsingar um andmæli, ógildingu, niðurfellingu og áfrýjun sem og niðurstöðu málsmeðferðar;
6. upplýsingar um hvort skráningin hefur verið grundvöllur alþjóðlegrar skráningar;

7. staða skráningar;
8. upplýsingar um hvort merki hafi verið skráð á grundvelli áunnins sérkennis (markaðsfesta);
9. upplýsingar um dagsetningu hlutunar og númer nýrrar skráningar hafi skráning verið hlutuð;
10. númer grunnskráningar sé um að ræða hlutaða skráningu;
11. upplýsingar um endurnýjun;
12. upplýsingar um nýtleifi, veðsetningu eða aðför.

63. gr.

Alþjóðlegar skráningar.

Auk þeirra upplýsinga sem skrá skal samkvæmt 61. og 62. gr. reglugerðar þessarar skulu eftirtaldar upplýsingar koma fram í vörumerkjaskrá varðandi alþjóðlegar skráningar:

1. alþjóðlegt skráningarnúmer,
2. alþjóðlegur skráningardagur,
3. dagsetning síðari tilnefningar ef við á.
4. lýsing í samræmi við 3. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar þegar við á. Texti í lýsingu sem ekki varðar framsetningu merkis er ekki færður í vörumerkjaskrá.

XII. KAFLI

Birtingar í Hugverkatíðindum.

64. gr.

Hugverkatíðindi.

Heimilt er að gefa út Hugverkatíðindi og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

65. gr.

Landsbundnar skráningar.

Birting upplýsinga um landsbundna skráningu skal hafa að geyma upplýsingar um:

1. númer merkis;
2. umsóknardag;
3. merkið;
4. tegund merkis samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar;
5. eiganda;
6. umboðsmann hafi hann verið tilnefndur;
7. númer flokka og tilgreiningar á vöru og/eða þjónustu sem skráning nær til;
8. forgangsrétt ef við á.

Það leiðir af 1. mgr. 25. gr. vml., sbr. 18. gr. reglugerðar þessarar, að skráningardagur er ekki birtur samhliða upplýsingum um skráningu.

66. gr.

Alþjóðlegar skráningar.

Birting alþjóðlegrar skráningar skal hafa að geyma upplýsingar um:

1. alþjóðlegt skráningarnúmer;
2. alþjóðlegan skráningardag;
3. dagsetningu síðari tilnefningar ef við á;
4. merkið;
5. tegund merkis samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar;
6. eiganda;
7. númer þeirra flokka sem skráning nær til;
8. forgangsrétt ef við á;

9. númer þess tölublaðs Gazette of International Marks, sem gefið er út af Alþjóðahugverkastofnuninni, sem skráningin var birt í.

Það leiðir af 1. mgr. 25. gr. vml., sbr. 18. gr. reglugerðar þessarar, að skráningardagur hér á landi er ekki birtur samhliða upplýsingum um skráningu.

67. gr.

Félagamerki og ábyrgðar- og gæðamerki.

Auk þeirra upplýsinga sem fram koma í 65.-66. gr. eftir atvikum, skal birta reglur um notkun félagamerkis eða ábyrgðar- og gæðamerkis þegar um slíkt merki er að ræða.

68. gr.

Vernd alþjóðlegra merkja.

Tilkynning um vernd merkja samkvæmt 6. gr. c (*ter*) Parísarsamþykktarinnar skal innihalda nafn eiganda og merki það sem verndin tekur til.

69. gr.

Endurnýjun eða afmáð merki.

Tilkynning um að merki hafi verið endurnýjað eða það afmáð úr vörumerkjaskrá skal innihalda upplýsingar um númer skráningar eða alþjóðlegt skráningarnúmer.

70. gr.

Andmæli, ógilding eða niðurfelling.

Tilkynning um að skráningu merkis hafi verið andmælt skal hafa að geyma upplýsingar um númer merkis eða alþjóðlegt skráningarnúmer, merkið og tegund merkis, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

Úrskurður í andmælamáli eða ákvörðun vegna kröfu um ógilding eða niðurfellingu skráningar skal hafa að geyma upplýsingar um:

1. númer merkis;
2. dagsetningu úrskurðar eða ákvörðunar;
3. númer úrskurðar eða ákvörðunar;
4. merkið;
5. tegund merkis samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar;
6. eiganda;
7. númer þeirra flokka sem skráning merkisins tekur til;
8. beiðanda;
9. helstu rök beiðanda;
10. úrskurðar- eða ákvörðunarorð.

71. gr.

Áfrýjun.

Tilkynning um að úrskurði í andmælamáli eða ákvörðun í ógildingar- eða niðurfellingarmáli hafi verið áfrýjað skal hafa að geyma upplýsingar um:

1. númer þess úrskurðar eða þeirrar ákvörðunar sem áfrýjað er;
2. númer merkisins;
3. merkið og
4. tegund merkis samkvæmt 7. gr. reglugerðar þessarar.

Tilkynning um úrskurð áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar skal hafa að geyma upplýsingar um:

1. númer merkisins;
2. dagsetningu úrskurðar;

3. númer úrskurðar;
4. merkið;
5. tegund merkis samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar;
6. eiganda;
7. númer þeirra flokka sem skráning merkisins tekur til;
8. áfrýjanda;
9. helstu rök áfrýjanda;
10. úrskurðarorð.

72. gr.

Breytingar í vörumerkjaskrá.

Í tilkynningu um breytingar varðandi eigendur eða umboðsmenn skal tilgreina eftirtaldar upplýsingar:

1. númer skráningar;
2. eiganda;
3. umboðsmann ef við á.

Varði tilkynning breyttar reglur um notkun félagamerkis eða ábyrgðar- og gæðamerkis skal auk upplýsinga í 1. mgr. birta nýtt eintak af reglum.

Varði tilkynning breytingu á flokkum eða takmörkun skráningar skal birta númer skráningar, númer þeirra flokka sem merkið var skráð fyrir og tilgreina til hvaða flokka breytingin tekur. Ákvæðið á jafnt við um landsbundnar sem alþjóðlegar skráningar.

Varði tilkynning breytingu á merki samkvæmt 24. gr. vml. skal birta upplýsingar í samræmi við 65. gr. reglugerðar þessarar.

73. gr.

Hlutun eða aðilaskipti að hluta.

Í tilkynningu um hlutun eða aðilaskipti að hluta skal tilgreina eftirtaldar upplýsingar:

1. númer grunnumsóknar eða -skráningar eða alþjóðlegrar skráningar eftir því sem við á;
2. númer hlutaðrar umsóknar, skráningar eða alþjóðlegrar skráningar eftir því sem við á;
3. umsóknardag, skráningardag eða alþjóðlegan skráningardag eftir því sem við á;
4. merkið;
5. tegund merkis samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar;
6. eiganda;
7. númer flokka;
8. upplýsingar um forgangsrétt ef við á;
9. númer þess tölublaðs Gazette of International Marks, sem gefið er út af Alþjóðahugverkastofnuninni, sem hlutunin eða framsalið var birt í.

74. gr.

Veðsetning, aðför og nytjaleyfi.

Í tilkynningu um veðsetningu, aðför eða nytjaleyfi skal tilgreina eftirtaldar upplýsingar:

1. númer skráningar;
2. merki það sem um ræðir;
3. tegund merkis samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

XIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

75. gr.

Tungumál og form samskipta.

Samskipti við Hugverkastofuna fara fram á íslensku. Öll gögn og erindi sem berast Hugverkastofunni eiga að jafnaði að vera á íslensku en Hugverkastofan getur í sérstökum tilvikum fallið frá þeirri kröfu. Í samræmi við 4. gr. reglugerðar þessarar er heimilt að vöru- og/eða þjónustulistar séu á ensku.

Hugverkastofan getur kallað eftir þýðingu gagna, m.a. löggilttri skjalapýðingu.

76. gr.

Umboð.

Umboðsmaður skal vera lögráða og umboð hans skal að lágmarki uppfylla skilyrði 35. gr. vml.

Hugverkastofunni er heimilt að kalla eftir upplýsingum um umfang umboðs, t.a.m. sérstöku umboðsskjali, einkum ef:

1. vafi leikur á því hvort umboðsmaður hafi umboð til að koma fram fyrir hönd umsækjanda eða eiganda,
2. fleiri en einn umboðsmaður kemur fram fyrir hönd umsækjanda eða eiganda,
3. um er að ræða aðgerðir sem telja má íþyngjandi fyrir umsækjanda eða eiganda, s.s. aðilaskipti, afturköllun umsóknar eða skráningar eða breytingar á umfangi umsóknar eða skráningar.

Ef umboðsmaður er ekki tilnefndur, sbr. 1. mgr. 35. gr. vml. eða segi umboðsmaður sig frá umboðsmennsku, sbr. 2. mgr. 35. gr. vml., veitir Hugverkastofan eiganda merkis, sem skylt er að tilnefna umboðsmann skv. 1. mgr. 35. gr. vml., tveggja mánaða frest til að tilnefna umboðsmann til þess að koma fram fyrir sína hönd. Ef heimilisfang eiganda er óþekkt er tilkynning um frestinn birt í Hugverkatiðindum ásamt upplýsingum um afleiðingar þess að tilnefningu er ekki sinnt.

Bregðist eigandi umsóknar ekki við tilkynningu skv. 3. mgr. er merkið afmáð úr vörumerkjaskrá að liðnum fresti.

Bregðist eigandi skráningar ekki við tilkynningu skv. 3. mgr. er Hugverkastofunni heimilt, í stað þess að afmá hin skráðu réttindi þegar í stað, að leyfa merkinu að standa án umboðsmanns þar til næstu aðgerða varðandi merkið er þörf, svo sem endurnýjun eða ef fram kemur beiðni um ógildingu eða niðurfellingu sem bregðast þarf við. Er eiganda þá send ný áskorun í samræmi við 3. mgr.

Eiganda merkis sem skylt er skv. 1. mgr. 35. gr. vml. að tilnefna umboðsmann er ekki heimilt að endurnýja skráningu, óska eftir öðrum breytingum á merkinu í vörumerkjaskrá eða bregðast við kröfum varðandi merkið hafi umboðsmaður ekki verið tilnefndur og er skráning merkis felld úr gildi bregðist eigandi ekki við áskorun um að tilnefna umboðsmann.

77. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 62. og 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki o.fl., með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir 1. mgr. taka ákvæði 2. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 7. gr. gildi 1. apríl 2021.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 310/1997 um skráningu vörumerkja o.fl.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.